



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

júní 2023

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í apríl sl. Góðar stundir í sumar!

Viðhorfskönnun á aðstöðu og þjónustu

Einn liður í stefnu AkAk er að leggja fyrir árlega könnun meðal þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá stofnuninni þar sem spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá AkAk. Markmiðið er að greina starfsemina og nota niðurstöðurnar til að bæta hana. Könnun þessa árs var lögð fyrir í byrjun maí sl. og var þátttakan um 68%. Niðurstöðurnar gefa til kynna almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar koma fram gagnlegar upplýsingar um hvað megi bæta, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

Ársfundur 2023

Á ársfundi AkAk sem var haldinn 16. maí sl. var kosið í stjórn og fulltrúaráð fyrir næsta starfsár. Í stjórn eru Sigurgeir Guðjónsson, formaður, Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, og Sara Stefánsdóttir, ritari. Í fulltrúaráði eru Gunnar Árnason, Jakob Þór Kristjánsson, Jón Hjaltason og Margrét Guðmundsdóttir. Fjármál og rekstur AkAk gengu vel á starfsárinu og sýnir ársreikningur jafnvægi í rekstri. Eftir að samkomutakmörkunum vegna kórónufaraldursins var alveg aflétt þegar kom fram á árið 2022 tók eftirspurn eftir vinnuaðstöðu hjá AkAk mikinn kipp. Á starfsárinu var m.a. unnið að því að bæta aðstöðu og þjónustu í húsnæði AkAk, taka nýja vefsíðu í notkun, gefa út kynningarbæklinga um AkAk, og að auka ytra samstarf og miðlun þekkingar út til samfélagsins með fleiri viðburðum fyrir almenning. Fundargögn ársfundarins eru aðgengileg á [vefsíðu](#) AkAk. Við hjá AkAk þökkum öllum sem komið hafa að starfseminni á liðnu starfsári fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

Fyrirlestraröð fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Annar fyrirlesturinn í fyrirlestraröð AkAk á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fór fram föstudaginn 19. maí sl. í salnum á Hlíð. Listakonan Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir – Hadda - sagði frá því í máli og myndum hvernig sauðkindin og afurðir hennar hafa nært sköpunarsögu okkar frá upphafi byggðar á Íslandi og veitt innblástur í verklega og andlega list og handiðnin. Um 60 gestir sóttu fyrirlesturinn. Næstu fyrirlestrar verða í september og október í haust. Frá árinu 2016 hefur AkAk boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem hafa jafnframt verið opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkir fyrirlestraröðina á þessu ári.

Innanhúsfólk

Dagana 11. og 12. maí sl. fór fram ráðstefna á Grand Hótel og Hótel Hilton í Reykjavík á vegum [Nordic Network on Disability Research](#) (NNDR). Ráðstefnan í ár var mjög vegleg og voru tæplega 500 erindi flutt af þátttakendum frá öllum hornum heimsins. Á ráðstefnum NNDR er lögð áhersla á að fatlað fólk segi frá rannsóknum sínum og reynslu en ekki aðeins ófatlaðir fræðimenn og rannsakendur. Sara Stefánsdóttir, félagi í Akureyrar Akadémíunni, sat í fræðilegri nefnd ráðstefnunnar, ásamt því að flytja erindi sem fjallar um hvernig réttindagæslumenn fatlaðs fólks gæta réttinda og vinna fyrir seinfæra foreldra. Erindið bar heitið *Rights Protection for Parents with Intellectual Disabilities* og er það hluti af doktorsverkefni Söru, sem hún vinnur að hjá AkAk.

Gunnar Árnason útskrifaðist nýlega frá Háskóla Íslands með B.A. gráðu í þroskaþjálfrafræðum en hann hefur unnið að náminu hjá AkAk. Lokaverkefni Gunnars í náminu heitir *Áhrif seiglu á geðheilsu - Tengsl seiglu á geðheilsu starfsfólks*. Samkvæmt rannsóknum er seigla einn mikilvægasti þáttur geðheilsu hvers einstaklings. Í þessu verkefni var kenningin um varðveislu úrræða í tengslum við seiglu kynnt og fjallað um úrræði sem sýnt hefur verið fram á með gagnreyndum hætti að nýtast einstaklingum til að takast á við erfiðleika og áskoranir. Mörg inngrip hafa verið þróuð innan seiglufræða þar sem meginmarkmiðið er að efla geðheilsu. Gagnsemi gagnreyndra inngripa sem byggja á seiglu fyrir geðheilsu starfsmanna hefur verið dregin í efa og ljóst er að frekari þróun og rannsóknar er þörf.

Vorferð

Hefð er fyrir því að félagar AkAk fari í vorferð til að skoða áhugaverða staði á Norðurlandi og að næra félagsskapinn og andann. Núna var farið til Seyðisfjarðar og þar hittum við skemmtilegt fólk sem sagði okkur frá sögu og menningu bæjarins. Á leiðinni austur heimsóttum við líka þekkingarsetrið Austurbrú á Egilsstöðum en þar fer fram fjölbætt og merkilegt starf að framfaramálum Austurlands. Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur í Austurbrú og á Seyðisfirði.

AkureyrarAkadémían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, vefang <https://www.akak.is/is>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir akak@akak.is